

Egilsstöðum 5. september 2018.

Þjóðgarðastofnun – umsögn um reglugerðardrög.

Við lestur fyrirbyggjandi frumvarpsdraga kemur upp í hugann hvað kalli á að búa til enn eina stofnunina með þunga yfirbyggingu og flókið stjórnkerfi. Enginn vilji virðist vera að nota núverandi stofnanir eins og Umhverfisstofnun sem er til nú þegar. Reynsla er af rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs (VJP) sem hefur ekki gengið áfallalaust. Þar hefur verið stjórnunarvandi í flóknu kerfi sem erfitt virðist að hafa yfirsýn yfir samkvæmt opinberri úttekt. Reikna má með að í enn flóknari stofnun eins og fyrirhuguð stofnun er þá verði enn meiri líkur á skipulagsleysi og fjársóun.

Umhugsunarvert er hvaða augum stjórnvöld líta útivistar- og ferðamálasamtök. Fulltrúar þeirra hafa eingöngu áheyrnaraðild í stjórnnum þjóðgarðanna. Fulltrúar umhverfissamtaka eru settir skör hærra þegar kemur að setu í stjórnnum þjóðgarðanna. Set hér inn afrit af málsgrein um skipun í stjórn VJP til skýringar. „Með stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs fer sérstök stjórn skipuð af ráðherra. Í stjórn skulu sitja sjö fulltrúar: formenn allra svæðisráða þjóðgarðsins, einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum og tveir fulltrúar skipaðir af ráðherra án tilnefningar, þ.e. formaður og varaformaður, og skal annar þeirra hafa fagþekkingu á verkviði þjóðgarða. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Einn fulltrúi tilnefndur af útivistarsamtökum og einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af þeim ferðamálasamtökum, sem tilnefna fulltrúa í svæðisráð sbr. 3. mgr. 21. gr., skulu eiga áheyrnaraðild að fundum stjórnar. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs skal skipuð til fjögurra ára í senn“. Með þessari framsetningu er gert lítið úr því mikla og óeigingjarna starfi fólks sem starfar í hinum ýmsu útivistarsamtökum. Þetta er köld kveðja af hálfu stjórnvalda til þess fólks sem byggt hefur upp ferðamennsku á hálendi Íslands.

Mjög virðist þrengt að valdi sveitarfélaga þar sem mörk þeirra liggja að eða innan þjóðgarðs. Í 29. grein segir „Sveitarstjórnir eru bundnar af efni stjórnunar- og verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan þjóðgarðs. Skilja má þessa málsgrein þannig að búið sé að takmarka völd sveitarfélaga til skipulagningar lands innan sinna eigin sveitarfélagamarka.

Í 31. grein er fjallað um slóðir og vegi og notkun þeirra. Þar segir “Í stjórnunar- og verndaráætlun hvers þjóðgarðs skal gerð sérstök grein fyrir öllum vegum sem heimilt er að aka innan þjóðgarðsins. Enn fremur skal skilgreina þau svæði þar sem heimilt er að aka að vetri á snjó eða frosinni jörð og hvaða skilyrðum slíkur akstur er bundinn. Heimilt er að takmarka umferð á einstökum vegum, slóðum eða svæðum við tiltekinn tíma ársins eða binda hana við tiltekna notkun, svo sem vegna veiða, smölunar búfjár eða annarra landbúnaðarstarfa eða vegna rannsókna, ef það er talið nauðsynlegt vegna verndunar viðkomandi landsvæðis“. Á fyrstu árum VJP var að frumkvæði starfsmanna þjóðgarðsins haldinn samráðsfundur með hagsmunaaðilum um nýtingu slóða innan garðsins. Það samkomulag sem þá var

gert hefur verið haldið af öðrum en ráðamönnum þjóðgarðsins sem hafa lokað slóðum í trássi við áður nefnt samkomulag. Þarna hræða sporin. Tryggja þarf að staðið sé við gerða samninga af hálfu yfirvalda þjóðgarðsins, hver sem hann er.

Stjórn Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum (FLH) áskilur sér rétt til að gera athugasemdir á seinni stigum og þegar meiri upplýsingar liggja fyrir.

f..h. FLH Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum.

---

Jón Hávarður Jónsson